

Nd.

692. Breytingartillögur

við frv. til l. um váttryggingar opinna vélbáta o. fl.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Fiskifélagi Íslands skal falið að gangast fyrir stofnun bátaábyrgðarfélaga fyrir opna vélbáta (trillubáta), í svo mörgum verstöðvum, er þurfa þykir, til þess að eigendur þeirra báta eigi kost á að váttryggja báta sína í ábyrgðarfélagi í verstöð sinni eða nágrenni.

Fiskifélagið semur frumvarp að félagslögum, ásamt reglugerð fyrir hvert félag. Skal það gert í samráði við Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Fiskifélagið ákveður takmörk félagssvæða.

2. Á eftir 1. gr. kemur ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi:

Í félagslögum skal váttryggingariðgjald ákveðið 5% á ári af virðingarupphæð.

Þegar váttryggður bátur stendur á landi fjóra til sex mánuði samantlagt á ári (eða meira), er skylt að endurgreiða hluta af váttryggingariðgjaldinu, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð, þó ekki yfir 25%. Nú stendur bátur á landi lengur en sex mánuði, og má þá endurgreiða allt að 40% af iðgjaldinu.

3. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Sérhverjum eiganda opins vélbáts (trillubáts), sem aðallega gengur til fiskveiða, er skylt að hafa bát sinn váttryggðan fyrir sjótjóni samkvæmt lögum þessum, enda hafi bátaábyrgðarfélag verið stofnað í hlutaðeigandi verstöð. Rísi ágreiningur um tryggingarskyldu báta, sker stjórn hlutaðeigandi ábyrgðarfélags úr.

4. Aftan af fyrirsögninni falli: o. fl.

Greinatala breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.